

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1713  
komudagur 26.4.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík



28. apríl 2005

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf., 643. mál, heildarlög.**

### ***1. Athugasemdir varðandi stofnun sameignarfélags um Ríkisútvarpið.***

BSRB gerir alvarlegar athugasemdir við þá breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins um eignaraðild á Ríkisútvarpinu.

Í athugasemdum við greinargerð frumvarpsins kemur eftirfarandi fram í 3. kafla:

*„Þá ber að geta þess að nýtt frumvarp um sameignarfélög er í vinnslu hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Af efni frumvarps þessa er ljóst að byggja verður fyrst um sinn á almennum ólögfestum reglum félagaréttarins um sameignarfélög, en þegar fyrrgreint frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra er orðið að lögum má gera ráð fyrir því að taka þurfi tillit til efnis þeirra laga við rekstur Ríkisútvarpsins. Frá þessu er a.m.k. ein undantekning og lýtur hún að því hversu margir eigendur koma að rekstri sameignarfélagsins. Af almennum reglum félagaréttarins leiðir að eigendur sameignarfélags verði að vera a.m.k. tveir. Hér er hins vegar sú leið farin að einungis einn eigandi verður að félaginu, þ.e. íslenska ríkið. Sú leið sem hér er lögð til byggist á fyrri framkvæmd þegar félög hafa verið stofnuð um rekstur ríkisstofnana. Má hér sem dæmi nefna 2. gr. laga nr. 75/1994, um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi, og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Í fyrrgreindum ákvæðum var veitt heimild til stofnunar hlutafélaga þrátt fyrir að áskilnaður væri í þágildandi hlutafélagalögum að fleiri hluthafa þyrfti til stofnunarinnar.“*

Nefnd dæmi eru tæpast sambærileg því skýrar lagareglur voru um hlutafélög sem gátu átt við í meginatriðum þótt einungis einn aðili ætti allt hlutaféð. Þessu er ekki til að dreifa varðandi sameignarfélög. Lögfestar reglur eru ekki til um starfsemi þeirra og ólögfestu reglurnar, sem taldar eru gilda um sameignarfélög, byggjast einmitt á þeirri forsendu að um sé að ræða fleiri en einn eiganda að félagi sem beri ótakmarkaða ábyrgð á rekstri. Það felur í sér þversögn gagnvart íslensku máli að ræða um að félag sé sameign eins aðila. „Sameignarfélag“ ríkisins eins er í sjálfu sér ekkert annað en hreinn ríkisrekstur sem á að lúta þeim almennu reglum sem gilda um stofnanir ríkisins. Benda má á að í öðrum tilvikum þar sem opinberir aðilar eiga aðild að sameignarfélögum eru eigendur alltaf fleiri en einn, sbr. t.d. Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur.

## 2. Athugasemdir varðandi breytingu á réttarstöðu starfsmanna:

### a) Almenn:

Stofnunin RÚV verður lögð niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í II. kafla ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu.

### „II.

#### **Réttindi starfsmanna.**

*Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.*

*Fastráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðin störf hjá því, sambærileg þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.*

*Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni stofnunarinnar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut, og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan sex vikna frá því honum barst boðið.*

*Ef fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær eigi að síður greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi stofnunarinnar, sem lög þessi kveða á um, fellur sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu.*

*Fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem áunnið hefur sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu.*

*Þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laga þessara eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skulu halda rétti til aðildar að henni.“*

Þá kemur eftirfarandi fram í athugasemdum í greinargerð frumvarpsins:

#### *„Um ákvæði til bráðabirgða II.*

*Í þessu ákvæði mælir fyrir um réttindi starfsmanna við breytingu Ríkisútvarpsins í sameignarfélag. Tilgangur ákvæðisins er að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði við formbreytinguna tryggð með eðlilegum hætti, kveðið á um rétt þeirra til sambærilegra starfa hjá sameignarfélaginu, biðlaunarétt og lífeyrisréttindi. Hefur það verið haft að leiðarljósi að ekki verði hallað á réttindi starfsmanna stofnunarinnar við breytingu á rekstrarformi hennar. Við samningu ákvæðisins hefur m.a. verið höfð hliðsjón af fyrri framkvæmd þegar ríkisstofnunum hefur verið breytt í rekstrarfélög, sbr. lög nr. 103/1996, svo og niðurstöðu dóma sem gengið hafa í málum út af réttarstöðu starfsmanna við breytingu ríkisfyrirtækja í sjálfstæð félög.*

*Með 2. mgr. ákvæðisins er starfsmönnum Ríkisútvarpsins tryggður réttur til sambærilegra starfa hjá Ríkisútvarpinu sf. og þeir hafa haft hjá stofnuninni, þ.e. þeim starfsmönnum sem eru skipaðir eða ráðnir ótímabundinni ráðningu hjá stofnuninni og falla undir ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.*

*Í 3. og 4. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um rétt starfsmanna þegar þeim hefur verið boðin sambærileg staða. Starfsmönnum er veittur eðlilegur frestur til þess að segja til um það ef*

*þeir hyggjast ekki nýta þann rétt til starfa sem ákvæðið tryggir þeim.*

*Í 5. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að þeir starfsmenn, sem hafa áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna og ráðast enn fremur til starfa hjá sameignarfélaginu, eigi ekki rétt á bæði lífeyrisgreiðslum og launagreiðslum að því tilskildu að þeir haldi óskertum launum sínum hjá félaginu.*

*Í 6. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldi þeim réttindum.“*

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna RÚV þegar stofnunin verður „lögð niður“ og „sameignarfélagið“ tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá RÚV, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfseminni. Áfram á RÚV að lúta stjórn ríkisvaldsins og það ber áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Með öðrum orðum er verið að setja lög um að starfsmenn RÚV verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

## **b) Aðilaskiptalögin nr. 72/2002 og lög um tímabundna ráðningarsamning nr. 139/2003**

Nauðsynlegt er að hafa framangreind lög í huga þegar verið er að breyta réttindum starfsmanna RÚV en svo virðist ekki hafa verið gert. Í aðilaskiptalögunum nr. 72/2002 segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

**„3. gr.** Launakjör og starfsskilyrði.

*Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á færast yfir til framsalshafa.*

*Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.*

*Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.*

*Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.*

**4. gr.** Vernd gegn uppsögnum.

*Framseljanda eða framsalshafa er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum vegna aðilaskipta að fyrirtæki eða hluta þess bæði fyrir og eftir aðilaskiptin nema efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður séu fyrir hendi sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi fyrirtækis.*

*Vinnuveitandi ber ábyrgð á riftun á ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi hafi aðilaskipti leitt til verulegra breytinga á starfsskilyrðum, starfsmanni í óhag.*

*Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.“*

BSRB vekur athygli á að í lögum um tímabundna ráðningarsamninga nr. 139/2003 er sérstaklega kveðið á um það að ekki megi mismuna starfsmönnum sem eru tímabundið ráðnir, miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið, sbr. eftirfarandi:

*„2. gr. Markmið.*

*Markmið laga þessara er að bæta tímabundnar ráðningar með því að tryggja meginregluna um að starfsmönnum með tímabundna ráðningu sé ekki mismunað miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið. Enn fremur er lögum þessum ætlað að koma í veg fyrir misnotkun er byggist á því að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum án hlutlægra ástæðna.*

*4. gr. Vernd gegn mismunun.*

*Starfsmaður með tímabundna ráðningu skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.*

*Þegar krafist er ákveðins starfsaldurs til að öðlast tiltekin starfskjör skulu sömu skilyrði gilda fyrir starfsmann með tímabundna ráðningu og sambærilegan starfsmann með ótímabundna ráðningu nema krafan um mismunandi starfsaldur sé byggð á hlutlægum ástæðum.“*

BSRB telur það stangast á við framangreind lög að binda boð um „sambærilegt starf“ við starfsmenn með ótímabundna ráðningu. Allir starfsmenn njóta verndar gegn uppsögnum samkvæmt aðilaskiptalögum.

- **Réttindi samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi:**

Samkvæmt aðilaskiptalögum á Rúv sf að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn Rúv sf að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

**c) Biðlaunaréttur:**

**Starfsmenn eiga að missa biðlaunarétt ef þeir taka við starfi eða hafna starfi.**

Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni stofnunarinnar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut, og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan sex vikna frá því honum barst boðið.

Ef fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær eigi að síður greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi stofnunarinnar, sem lög þessi kveða á um, fellur sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu.

BSRB lítur svo á að með frumvarpsgreininni sé gerð tillaga um að þrengja þann biðlaunarétt sem starfsmenn RÚV hafa áunnið sér í starfi. Að mati BSRB er eina rétta leiðin varðandi áunninn biðlaunarétt starfsmanna að starfsmenn fái einfaldlega notið þeirra réttinda sem í honum felast þegar gerðar eru skipulagsbreytingar hjá stofnunum ríkisins sem leiða til þess að biðlaunarétturinn verður virkur. Sértæk löggjöf sem er sett í því skyni að koma í veg fyrir að ríkisstarfsmenn fái notið réttinda sem þeir hafa áunnið sér í starfi er að mati BSRB andstæð eignarréttarvernd stjórnskrárinnar.

#### d) Lífeyrisréttur:

**A-deild:** Ekki er annað hægt að lesa úr frumvarpinu en að réttindi þeirra sem eru í A-deild verði óbreytt við breytingu í sameignarfélag. Hins vegar virðist ekki vera hugsunin að þeir sem ráða sig til starfa eftir gildistöku laganna verði með aðild að LSR. Þessu þarf að breyta. Leggur BSRB til að kveðið verði á um rétt starfsmanna sem ráða sig til starfa eftir gildistöku laganna til að vera í A-deild LSR.

**B-deildin:** Ákvæðið er sambærilegt og fram kom þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag. Var sett til þess að koma í veg fyrir að fólk gæti á sama tíma verið í vinnu og notið lífeyris. Ákvæðið var fellt niður með lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf nr. 75/2001. Því geta starfsmenn Póstsins og Landssímans verið að vinna og verið á lífeyri. eru nú fjölmörg dæmi um einstaklinga sem þannig stendur á um. Jafnræðisreglu er því ekki gætt í frumvarpinu og þyrfti að bæta úr því ef þessi lög á annað borð verða samþykkt. Leggur BSRB til að eftirfarandi setning í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II falli út: „...en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu.“

### 3. Aðkoma starfsmanna að stjórn RÚV

Árið 1980 gengu BSRB og fjármálaráðherra frá samkomulagi þar sem kveðið var á um stofnun starfsmannaráða í opinberum stofnunum. Á grundvelli þessa samkomulags var fallist á að fulltrúar starfsmannafélaga Útvarps og Sjónvarps fengju sæti í framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Ekki verður annað skilið á þessu frumvarpi en því samkomulagi sem þarna var gert sé einhliða rift og mótmælir BSRB því harðlega.

### 4. Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Varðandi þann ásetning sem fram kemur í frumvörpum menntamálaráðherra að aðskilja algjörlega rekstur Sinfóníunnar frá RÚV hefur BSRB efasemdir og minnir á menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins og mikilvægi þess að það tengist sterkum böndum annarri menningarstarfsemi og vísar í því samhengi til þess fyrirkomulags sem verið hefur við lýði á hinum Norðurlöndunum hvað þetta snertir.

### 5. Almennar athugasemdir

BSRB beinir þeirri fyrirspurn til menntamálanefndar Alþingis hverju það sæti að samtökin fái ekki samhliða þessu frumvarpi til umsagnar önnur þingmál sem tengjast breytingum á rekstrarfyrirkomulagi eða starfsemi Ríkisútvarpsins.

Frumvarp menntamálaráðherra er eins og hér hefur komið fram óljóst um margt og vanreifað og mjög mikilvægt af þeim sökum að afgreiðslu þess verði skotið á frest. Í þessu lagafrumvarpi felst alvarleg aðför að réttindum starfsmanna Ríkisútvarpsins auk þess sem miklir vankantar eru á þeim þáttum sem lúta að stjórnsýslu stofnunarinnar og tengslum hennar við ríkisvaldið.

**BSRB leggst mjög eindregið gegn því að þetta frumvarp verði samþykkt sem lög frá Alþingi.**

f.h BSRB  
  
Svanhildur Halldórsdóttir